

|                  |   |                 |                     |
|------------------|---|-----------------|---------------------|
| Yfirskrift:      | Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana   |                 |                     |
| Stjórnarfundur   | Dagsetning:   | 2. febrúar 2021 | Tími: 12:00 – 13:00 |
| Fundarstaður:    |   |                 |                     |
| Fundarstjóri:    | MH  |                 |                     |
| Ritari:          | ÁB  |                 |                     |
| Á fundinn mættu: | Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfðánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins. |                 |                     |
| Fjarverandi:     |   |                 |                     |

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. febrúar 2021

### 1. Fundargerð

Fundargerð fundar stjórnar þann 2. febrúar 2021 samþykkt.

### 2. Viðbrögð við álitum umboðsmanns

Í skoðun hjá fjármálaráðuneytinu hvernig ráðuneytið ætlar að bregðast við álitinu. Á sínum tíma, meðan kerfið var í þróun, óskaði félagið eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna ráðuneytið liti ekki svo á að um stjórnvaldsákvörðun væri að ræða. Sá rökstuðningur kom aldrei. Gert var ráð fyrir að slípa þyrfti kerfið. Að mati stjórnar mætti kerfið vera gegnsærra varðandi einkunnagjöfina.

Á síðasta samráðsfundi með KMR kom fram að ekki var búið að ákveða hvernig ráðuneytið hyggðist bregðast við álitinu. Á samráðsfundinum kom fram af hálfu FFR að það myndi vera erfitt um samstarf er ráðuneytið ætlaði ekki að fara eftir umræddu álitum umboðsmanns Alþingis. Hvernig eigum við að vinna saman út frá því. Minnisblað vegna álitsins fór fyrir ríkisstjórnarfund 15. janúar sl.

### 3. Árleg launahækkun

Laun forstöðumanna hækkuðu um 3,4% þann 1. janúar 2021. Hækkunin er í samræmi við 4. mgr. 39. gr. a. starfsmannalaga. Þetta er sama hækkun og aðrir embættismenn sem fá laun skv. sérákvæðum í lögum, fengu.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki tilkynnt forstöðumönnum hækkunina. FFR mun gera það með tölvupósti.

### 4. Workplace

Workplace hættir að vera frítt í febrúar 2021 og mun verð á aðgangi vera miðað við hvern notanda og greitt mánaðarlega (per user per month). Þá er ein leið að miða við fjóra dollara á haus/mánuð. Í ljósi þessa er ákveðið að hinkra með innleiðingu á Workplace sem samskiptakerfi við, og á milli forstöðumana. Ákveðið að horfa frekar til TEAMS. Þar geta t.d. fundað 300 manns saman og auðveldlega hægt að deila skjölum. DH skoðar.

## 5. Stytting vinnuvikunnar

Frekari fyrirspurn barst um styttingu vinnuvikunnar sbr. fyrirspurn sem var tekin fyrir á síðasta stjórnarfundum. Vísað er til fyrri afstöðu félagsins sbr. síðustu fundargerð.

## 6. Önnur mál:

- Yfirferð reglna Starfsmenntunarsjóðs. MH átti fundi með fulltrúum sjóðsins. Oftast á fulltrúi launþega sæti í stjórn og tekur ákvarðanir um styrki. Reyndar tekur Starfsmenntunarsjóður til fleiri en félagsmanna FFR. Drög að nýjum starfsreglum verða bráðlega tilbúin.
- Framhald máls forstöðumanns vegna samskipta við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Upplýst um stöðu.
- Breytt vinnulag við ritun fundargerða stjórnarfunda er lýtur að trúnaðarmálum. Trúnaðarmál sem stjórn fær til umfjöllunar og eiga ekki erindi á alnetið verða bókuð sérstaklega og vistuð hjá félaginu en ekki í fundargerðum stjórnarfunda.
- Félagsfundur. Mögulega verða aðstæður að halda félagsfund í næsta mánuði. Hugmyndir að umfjöllunarefni? Eigum inni heimboð á Umhverfisstofnun (kolefnisspor). DH sendir stjórn samantekt á niðurstöðum könnunar þar sem spurt var um vilja félagsmanna í þessu sambandi.
- Jafnlaunavottun. Umræður um samræmingu/gegnsæi launa milli hliðsettra stofnana.